



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um fjölda þeirra sem fengu úthlutað íbúð frá Félagsbústöðum 2021-2025 og riftun leigusamninga á sama tímabili

Þann 21. janúar 2026 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hversu margir fengu úthlutað íbúð frá Félagsbústöðum árin 2025, 2024, 2023, 2022 og 2021. Sundurliðað eftir árum. Einnig er óskað eftir því hversu mörgum var sagt upp leigu eða leigu rift á sama tímabili.

Svar:

Hlutverk Félagsbústaða er að leigja út íbúðir til einstaklinga og fjölskyldna sem úthlutað hefur verið félagslegu leiguhúsnæði af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Með félagslegu leiguhúsnæði er átt við almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarfir og þjónustuíbúðir aldraðra, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Almennt félagslegt leiguhúsnæði er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrðar og lágra launa.

Húsnæði fyrir fatlað fólk er leiguhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk og í húsnæði með stuðningi.

- a. Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.
- b. Húsnæði með stuðningi er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.





Húsnæði fyrir heimilislaus með miklar og flóknar þjónustuparfir er leiguhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir þann hóp sem telst vera heimilislaus með miklar og flóknar þjónustuparfir. Um er að ræða húsnæði sem er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum alvarlegs vímuefnavanda og/eða geðrænna erfiðleika og staða viðkomandi hamlar því að hann geti búið í almennu félagslegu leiguhúsnæði og þurfi því á sértækri þjónustu að halda.

Með þjónustuíbúð aldraðra er átt við félagslegt leiguhúsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, sbr. 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þjónustuíbúðir aldraðra eru ætlaðar þeim sem eru 67 ára eða eldri og þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.

Tafla 1 sýnir fjölda nýrra úthlutana í félagslegt leiguhúsnæði á árunum 2021-2025 sundurliðað eftir tegund húsnæðis.

TAFLA 1

Félagslegt leiguhúsnæði. Fjöldi nýrra úthlutana árin 2021-2025

Tegund húsnæðis	2021	2022	2023	2024	2025	Samtals
Almennar félagslegar leiguíbúðir	168	134	178	142	127	749
Húsnæði fyrir fatlað fólk	55	31	25	31	25	167
Húsnæði fyrir heimilislaus og áfangaheimili	27	33	38	36	36	170
Þjónustuíbúðir	49	66	71	57	66	309
Samtals	299	264	312	266	254	1.395

Tafla 2 sýnir fjölda einstaklinga sem eru á bak við úthlutanir í félagslegt leiguhúsnæði á umræddu tímabili. Fjöldi barna á bak við úthlutanir í almennar félagslegar leiguíbúðir er þar sérstaklega tiltekinn.

TAFLA 2

Félagslegt leiguhúsnæði. Fjöldi aðila á bak við úthlutanir árin 2021-2025

Tegund húsnæðis	2021	2022	2023	2024	2025	Samtals
Alm. félagslegar leiguíbúðir. Fjöldi fullorðinna	180	145	199	152	135	811
Alm. félagslegar leiguíbúðir. Fjöldi barna	122	85	89	72	66	434
Húsn. f. fatlað fólk. Fjöldi aðila	55	31	26	32	25	169
Húsn. f. heimilislaus og áfangaheimili. Fj. aðila	27	33	38	36	38	172
Þjónustuíbúðir. Fjöldi aðila	51	72	73	60	74	330
Samtals	435	366	425	352	338	1.916

Í almennu félagslegu leiguhúsnæði eru 811 fullorðnir einstaklingar og 434 börn eða samtals 1245 manns. Fjöldi aðila helst að mestu í hendur við fjölda úthlutana í öðrum flokkum félagslegs leiguhúsnæðis.



Reykjavík



Á myndinni hér fyrir neðan má sjá fjölda riftana leigusamninga hjá Félagsbústöðum á tímabilinu 2020-2025.

